


Vinsældir skelfisks hafa aukist undanfarin ár. Ferðamenn eru einnig áhugasamir um mat af svæðinu og því fjölga veitingastöðum sem bjóða upp á íslenskan skelfisk þegar hann fæst. Ef skelfiski er safnað til matar þarf að ganga úr skugga um að ekki sé hætt á að hann sé eittraður vegna eittraða svifþörungum sem hann hefur étið.

Skelfisk má eingöngu markaðssetja frá viðurkenndum aðilum. Skelfiskur framleiddur á Íslandi og í löndum sem eru á evrópska efnahagsvæðinu (EES) á að vera merktur með auðkennismerki sem gefur til kynna land þar sem þökkun fór fram og samþykkisnúmer starfstöðvarinnar. Auðkennismerkið gefur til kynna að starfsstöðin sé undir eftirliti viðkomandi stjórnvalds.




Skelfiskur sem er framleiddur í ríkjum utan EES skal merktur með [samþykkisnúmeri / leyfisnúmeri](#) starfstöðvarinnar sem pakkaði skelfisknum.

Á merkingum skelfisks skal koma fram upprunaland, tegund samloka á íslensku eða öðru viðurkenndu tungumáli og latneskt heiti, leyfisnúmer vinnslustöðvar, lotumerki, dagsetning þökkunar og geymslulípol eða yfirlýsingin: „Þessi skelfiskur skal vera lifandi við sölu“

Verðslanir og veitingastaðir

Skyldur þeirra sem bjóða upp á skelfisk eins og krækling eru:

- Að bjóða eingöngu upp á skelfisk sem kemur frá viðurkenndum aðilum merktur með auðkennismerki eða samþykkisnúmeri sé skelfiskurinn frá löndum utan EES
- Að geyma merkimiða af skelfiski í 60 daga frá því boðið var upp á skelfiskinn til að tryggja rekjanleika ef upp koma veikindi hjá þeim sem neyttu.



Svifþörungur eru sumir eittraðir

Eittraðir svifþörungur geta sprottið upp á tímabilinu frá maí og fram eftir hausti. Skelfiskurinn sem étur eitruþörungum safnar í sig eitrunu án þess að það hafi áhrif á hann sjálfan. Eitruáhrifanna gætir aftur á móti hjá þeim sem neyta skelfisks sem hefur safnað upp þörungaeitri.

Hvernig á að bergðast við skelfiskeitrun?

Skelfiskeitrun er mjög alvarleg og þarf að bregðast við henni skjótt.

Ef grunur er um skelfiskeitrun hafðu þá strax samband við lækni, næstu heilsugæslustöð eða sjúkrahús. Taktu skýrt fram að viðkomandi hafi neytt skelfisks.

Skelfiskeitrun

Aðallega er um að ræða þrenns konar eitrun sem menn þurfa að vera vakandi yfir hér við land.

PSP eitrun (paralytic shellfish poisoning)

Veldur truflun á taugaboðum, doða í andliti og útlimum og getur valdið lömum og/eða öndunarerfiðleikum. Eitrunar verður vart fljótlega eftir neyslu eitraðs skelfisks.

DSP eitrun (diarrhetic shellfish poisoning)

Veldur ógleði, uppköstum, þrautum í kviðarholi og niðurgangi. Verður vart skömmu eftir neyslu eitraðs skelfisks.

ASP eitrun (amnesic shellfish poisoning)

Áhrif koma fram nokkrum dögum eftir neyslu eitraðs skelfisks og einkennast af ógleði, niðurgangi og minnisleysi.

Eftirlit á skelfisksvæðum

Hafrannsóknastofnunin í samvinnu við Matvælastofnun vaktar eiturbörunga í sjó á þeim svæðum við landið þar sem skelfiskræktun eða -veiðar eru stundaðar. Framleiðendur vakta eitraða þörunga og þörungaeitur í skelfisk. skv. fyrirmælum matvælastofnunar.

Upplýsingar um niðurstöðurnar eru birtar janfóðum á [heimasíðu Matvælastofnunar](#), og þar er einnig hægt að nálgas nánari upplýsingar um eftirlit með skelfiski og leiðbeiningar fyrir ræktendur.

[Upplýsingasíða Mast um eftirlit með skelfiski](#)

[Leiðbeiningar um uppskeru og veiðar á skelfiski](#)

Apríl 2024

